



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## ORÐSPOR

ÍSLE2OS05

Kennsluáætlun – haustönn 2016

### Kennari áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

### Áfangalýsing:

„Af máli má maðinn þekkja“ og því skiptir máli að vanda mál sitt. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Nemendur kynna sér ýmsa þætti í málfari í þeim tilgangi. Ýmis verkefni eru unnin, skrifleg og munnleg, auk þess sem áhersla er lögð á framsetningu fyrir framan myndavélar. Nemendur setja upp eigin sjónvarpsdagskrá með ýmsu frumsömdu efni þar sem reynir á margs konar málsnið.

**Forkröfur:** Lágmark 7 á grunnskólaprófi eða ÍSLE1DE05/ÍSLE1LR05

### Markmið áfangans:

#### Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

### Kennslubækur og kennslugögn

- Kjörbók (valin af kjörbókalista).
- *Handbók um íslensku*. Stofnun Árna Magnússonar.

Vika	Dags.	Verkefnavinna
	15. – 19. ágúst	Kynning á áfanga. Lestrarkönnun. Í áfanganum eru unnin verkefni og þjálfunaræfingar. Öllum <b>Moodle verkefnum</b> áfangans er skilað inn á Moodle í hverri viku en þjálfunaræfingum er safnað saman í möppu.
	22.-26. ágúst	Gott mál og vont. Málfar. Handbók um íslensku (bls.11-12, 79-87 og 122-136). <b>Verkefni 1, gott mál og vont.</b> Kjörbók valin og kjörbókarlestur hefst, hann er heimavinna.
	29. – 2. september	Bréf og tölvuskeyti. Málsnið og efnisgreinar. Handbók um íslensku: (lesa bls.25-28, 29-30, 88-90, 106-111, 148-152, 153-157 og 195). <b>Verkefni 2, bréf og tölvuskeyti.</b>
	5. – 9. sept	5 efnisgreina ritun. Handbók um íslensku (bls. 31-38, 163-168, 192-194, 206-214, 267-270). <b>Verkefni 3, inngangur og efnisgrein.</b> <b>Könnun úr kjörbók – þarf að vera búinn að lesa helming bókarinnar.</b> Kjörbókarlestur er heimavinna.
	12. – 16. sept	5 efnisgreina ritun. Handbók um íslensku (bls. 75-78, 145-148, 177-184). <b>Verkefni 4, fimm efnisgreina ritun</b> Kjörbókarlestur er heimavinna.
	19. – 23. sept	Handbók um íslensku (bls. 42-70, 91-100, 228-236 og 279-282). <b>Verkefni 5, kjörbók – þarf að vera búinn að lesa bókina.</b>
	26. – 30. sept	Að auðga málið. <b>Verkefni 6, að auðga málið.</b>
	3. – 7. okt Miðannarmat	Að auðga málið. <b>Könnun úr Handbók um íslensku (gagnakönnun).</b> <b>Verkefni 7, handbókin.</b>
	10. – 14. okt haustfrí	Hið ritaða mál. Handbók um íslensku (bls. ). <b>Verkefni 8, bæklingur.</b>
	17. – 21. okt haustfrí	Hið ritaða mál. Handbók um íslensku (lesa bls. 169-170 og 271-273). <b>Verkefni 9, verkefni úr handbókinni.</b>
	24. – 28. okt	Hið talaða mál. Handbók um íslensku (lesa bls. 249-254 og 315-324). <b>Verkefni 10, atvinnuviðtal.</b>
	31. – 4. nóv	Undirbúningur og flutningur ræðu. <b>Verkefni 11, ræða.</b>
	7. – 11. nóv	Flutningur ræðu. Undirbúningur fyrir lokaverkefni. <b>Verkefni 12, lokaverkefni.</b>
	14. – 18. nóv	Lokaverkefni – taka upp og klippa. Lokaverkefni sett inn á youtube og slóð skilað til kennara í síðasta tíma vikunnar.
	21. – 25. nóv	Lokaverkefni kynnt og sýnd í hópum.
	28. – 2. des	Handbók um íslensku. Undirbúningur fyrir lokapróf.
	5. – 9. des	Námsmat hefst 7. desember
	12. – 16. des	Námsmat
	19. – 23. des	Skólaslit

## Kjörbókarlisti

- Arnaldur Indriðason: *Þýska húsið*
- Arnaldur Indriðason: *Grafarþögn*
- Arnaldur Indriðason: *Kamp Knox*
- Arnaldur Indriðason: *Skuggasund*
- Auður Jónsdóttir: *Fólkið í kjallaranum*
- Auður Jónsdóttir: *Stóri skjálfti*
- Bachman, Fredrik: *Amma biður að heilsa*
- Bachman, Fredrik: *Britt-Marie var hér*
- Crowther, Yasmin: *Safraneldhúsið*
- Holsseini, Khaled: *Þúsund bjartar sólrir*
- John Green: *Skrifað í stjörnunar.*
- Jónína Leósdóttir: *Konan í blokkinni*
- Khatra, Yasmina: *Tilræðið*
- Koomson, Dorothy: *Dóttir hennar, dóttir mín*
- Mutch, Barbara: *Dóttir húshjálparinnar*
- Rowell, Rainbow: *Eleanor og Park*
- Sjón: *Mánasteinn*
- Stefán Máni: *Nóttin langa*
- Stefán Máni: *Úlfshjarta*
- Yrsa Sigurðardóttir: *Aska*
- Yrsa Sigurðardóttir: *Auðnin*
- Yrsa Sigurðardóttir: *Ég man þig*
- Yrsa Sigurðardóttir: *Horfðu á mig*
- Þóra Karítas Árnadóttir: *Mörk*

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn:

- Vikuleg verkefni á Moodle. 30%
- Kjörbók; próf og verkefni. 15%
- Tímavinna og spurning vikunnar. 15%
- Lokaverkefni. 10%
- Próf úr *Handbók um íslensku*. 30%

### Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn byggir á 70% símati og 30% lokaprófi. Ljúka verður **öllum** þáttum áfangans til að teljast hafa lokið honum og ná að lágmarki 5. Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem upprifjun. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara. Þeir nemendur sem eru löglega forfallaðir fá að taka sjúkrapróf.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Öll verkefni birtast á Moodle og skila þarf verkefnum vikulega alla önnina. Öllum skriflegum verkefnum er skilað á Moodle og því þurfa nemendur að koma með tölvur í kennslustundir.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu., 15. ágúst 2016

Guðbjörg Grímsdóttir [gudbjorg10@gmail.com](mailto:gudbjorg10@gmail.com)

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir [gudbjorgdora@gmail.com](mailto:gudbjorgdora@gmail.com)